

Hvalaskoðunarferðir ganga vel

Láki tours standa fyrir eftir-sóknarverðum hvalaskoðunarferðum frá Ólafsvíkurhöfn en báturinn Íris siglir úr höfn tvisvar á dag þegar veður leyfir. Gísli Ólafsson, eigandi Láka tours segir sumarið og í raun það sem er af er ári hafi verið mjög gott hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu. Siglingar frá Ólafsvík hefjast um miðjan febrúar ár hvert og hefur verið meira og minna fullbókað í ferðirnar í ár. Mikið er um ferðamenn en það eru aðallega erlendir ferðamenn sem sækja hvalaskoðunina og segir Gísli að þau hafi verið heppin með veður í ár en lítið hefur verið um að ferðir falli niður vegna veðurs. Í ferðunum frá Ólafsvík er mest að sjá af búrhval og háhyrningum en einnig koma fyrir sjónir hrefnur, hnúfubakar og grindhvalir ásamt fjöldanum öllum af öðrum sjávardýrum og fuglum. Nú er farið að líða á seinni hluta tímabils Láka tours í ár en



Íris siglir út september og mun svo taka sér pásu fram í miðjan febrúar 2026.

SJ

**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrú hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Skólasetning og umferðaöryggi

Skólasetning Grunnskóla Snæfellsbæjar fór fram 22. ágúst síðastliðinn. Er þetta 22. starfsár skólans. 215 nemendur eru skráðir í skólann á þremur starfsstöðvum. 67 nemendur sækja skólann á Hellissandi, 130 nemendur í Ólafsvík og 22 í skólanum og leikskólaseði á Lýsuhóli. Guðni Eiríkur Guðmundsson hefur hafið störf sem nýr aðstoðarskólastjóri en hann hóf störf við skólann 1. ágúst.

Skólastarf er hafið samkvæmt stundatöflu og eru áhersluatriði skólaársins lestur, samskipti og líðan. Nú þegar skólar og leikskólar hafa byrjað starfsemi að nýju vill Lögreglan á Vesturlandi biðla til ökumanna að fara með sérstakri aðgát út í umferðina næstu vikurnar. Börnin eru mörg hver gangandi eða hjólandi á leið sinni í skólanum. Lögreglan bendir foreldrum á að ræða við börn sín um umferð-



arreglurnar og hvaða leið sé öruggust á leið þeirra í og úr skóla. Samfélagslöggjarnar á Vesturlandi koma til með að hitta nemendur í fyrstu bekkjum grunnskólanna í byrjun skólaárs og ræða við þau um umferðaöryggi.

JJ

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC
www.msc.org

Íbúafundur vegna skjálftavirkni á Snæfellsnesi

Almannavarnarnefnd Vesturlands boðaði til opins íbúafundar í Hjálmasklettum í Borgarnesi miðvikudaginn 20. ágúst. Tilgangur fundarins var að eiga samtal við íbúa Vesturlands vegna yfirstandandi jarðskjálftavirkni við Grjótarvatn í Ljósufjallakerfinu. Í sumari steig eldfjallafræðingur fram og sagði að virknin við Grjótarvatn sýndi að komið gæti eldgos á Snæfellsnesi innan tveggja til þriggja ára. Í kjölfarið taldi Almannavarnarnefndin nauðsynlegt að bjóða íbúum til fundar þar sem staðan er rædd milliliðalaus en nefndinni er ætlað að samræða aðgerðir og viðbragð hlutaðeigandi viðbragðsaðila og upplýsa íbúa um stöðu mála hverju sinni

komi til vár á landshlutanum. Á fundinum komu fram fyrirlesarar frá Veðurstofu Íslands, Náttúruhamfaratryggingu Íslands og Neyðarlínunni en jafnframt voru fulltrúar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á Vesturlandi og sveitarfélaga á fundinum til að svara spurningum og taka þátt í umræðu. Á fundinum voru þau Ásta Rut Hjartardóttir sérfræðingur í eldvirkni og sprunguhreyfingum hjá Veðurstofu Íslands og Páll Einarsson jarðskjálftafræðingur og fyrrverandi prófessor í jarðeðlisfræði. Þau fullyrtu að ekkert benti til þess að aukin hætta væri á eldgosi í Ljósufjallakerfinu en ástæða þess að flókt var á mælinum fyrr í sumari var með-

al annars að mælirinn í Hítardal datt út og olli þannig ónákvæmni í mælingum. Íbúar gengu því rólegri frá fundinum en þeir sem

ekki höfðu tök á að fylgjast með geta fundið upptöku af fundinum á www.mbl.is.



HÚS TIL LEIGU

Til leigu 50fm einbýlishús með eða án bílskúrs, fer eftir samkomulagi.
S. 779-1994 - fannar11@hotmail.com



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Letisund 3, Rífi.

Eigum enn tvö bíl til sölu. Getum útvegað 100% lán.
Einnig kemur til greina að leigja bílin.



Áhugasamir talið við
Kristján Guðmundsson
í þjónustustofunni S: 896-3867
eða með tölvupósti á: vegr@vegr.is



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Djúpalónsvegur malbikaður

Vegagerðin hefur sent frá sér tilkynningu um að lokað verði fyrir alla umferð um veg 572, Dritvíkurveg að Djúpalónssandi frá og með mánudeginum 25. ágúst til föstudagsins 30. ágúst. Lokunin er nauðsynleg vegna malbikunarframkvæmda á veginum en fyrr í sumari unnu Vegagerðin og Stafnafell að endurbótum á veginum og er hann nú orðinn tvíbreiddur.

Þegar malbikun á veginum er lokið er aðkoman að svæðinu orðin mun aðgengilegri en með vaxandi bílaumferð um svæðið voru úrbætur á veginum orðnar aðkallandi. Vegagerðin biðlar vegfarendur um að sýna aðgát og virða merkingar á meðan vinna við veginn stendur yfir og fylgjast með tilkynningum um opnun að nýju.

SJ

Allar í blak!



Síðastliðið ár hefur góður hópur kvenna æft blak tvisvar sinnum í viku í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar undir leiðsögn þjálfara og hefur það gengið vel. Við fórum á Öldungarmót í vor og var það skemmtileg uppskera eftir æfingarnar yfir veturinn. Nú eru æfingarnar að byrja aftur eftir sumarfrí og við hvetjum áhugasamar konur og stelpur eldri en 18 ára til þess að koma og prófa blak-

ið með okkur. Æfingarnar verða á þriðjudögum frá kl. 19:40 til 21:40 og á miðvikudögum frá kl. 18.10 til 20.00. Við byrjum aftur þann 2. september og verða fyrstu 4 æfingarnar gjaldfrjálssar fyrir þær sem hafa áhuga á að koma og prófa. Hlökkum til að sjá sem flestar.

Stjórn blaksins,
Stefanía Bláfjeld, Sigrún Erla
og Viktoría Sif

Af söfnum og hillum þeirra á landsbyggðinni

Hvað er safn? Er það hús þar sem safnað er gömlu dóti sem við tímum ekki eða jafnvel þorum ekki að henda? Gamla harmonikkann hennar ömmu Soffíu eða lýsislampinn sem afi kveikti næstum því í eldhúsinu með, við sýnikennslu fyrir barnabörnin ein jólin. Myndlist, handverk, óáþreifanlegur menningararfur og nytjamunir. Allir þessir munir eiga sér sögu en segja líka jafnframt oft sögu þjóðar og hópa hennar. Já, safn getur verið hús þar sem sumt þetta gamla dót fær heimili og loforð um varðveislu til framtíðar, komandi kynslóðum til fræðslu og skemmtunar. Söfn eru nefnilega líka fræðslustofnanir. Til þess að geta sinnt fræðslu sem skyldi þarf safnkosturinn að búa við viðunandi aðstæður, hvort sem er á sýningum eða í þar til gerðum varðveislurýmum. Því ef að gamla dótinu er ekki hlíft við utanaðkomandi mengunarvöldum eins og dagsljósi, ryki og skordýrum, styttest efnisleg tilvera þess töluvert mikið.

Sumar safnstofnanir og sýningar búa við það að hafa ekki faglært fólk til að sinna varðveislu sem best skyldi. Ekki allar, en margar og þá oftár á landsbyggðinni. Orsak-

ir þessa hef ég ekki rannsakað sérstaklega og sleppi því að koma með tilgátur um það.

Ýmislegt er þó hægt að gera sem leikmaður til þess að bæta aðstæður hjá safnkosti sínum til framtíðar. Þjóðminjasafnið gaf til að mynda út handbók um varðveislu safnkosti í tveimur bindum. Það fyrra árið 2011 og það seinna árið 2018. Handbókin er eingöngu til á netinu og er öllum opin til niðurhals. Á vef Safnaráðs segir m.a. „Handbókin er ætluð öllum sem starfa við varðveislu menningararfsins, þar á meðal safnmönnum, skjalavörðum, fornleifarfræðingum, prestum og staðarhöldurum, en nýtist einnig háskólanemum í þeim fræðigreinum sem tengjast menningararfinum.“

Í starfi mínu sem sérfræðingur og sýningarstjóri hef ég fengið að sjá og starfa með mjög fjölbreyttan safnkost og sýningar- og söfn. Sumar sýningar telja sig vera söfn, en það er efni í aðra grein. Þetta eru jafn ólík rými, efnistöð og aðstæður og þau eru mörg. En þó eru margir fletir þeirra sameiginlegir. Undantekningarlaust glíma þau öll við varðveisluvanda. Hvort sem um er að ræða stórar opinber-



ar stofnanir eða minni sýningar og söfn. Varðveisluvandinn er mis augljós og að mínu mati mis meðvitaður hjá eigendum viðkomandi safnmuna. Seinni staðhæfing mín kemur að mestu úr reynslu minni við að starfa fyrir sveitarfélög og menningarmínjar þeirra. Vandinn felst oftast í óviðunandi húsakosti þ.e. plássleysi og umhverfisstýringu, aðstæðum á sýningum og aðbúnaði.

Sumarið 2022 var mér falið að taka niður fastasýninguna Börn í 100 ár í Safnahúsi Borgarfjarðar, sem þá hafði staðið óhreyfð í um 15 ár. Sýningin var hönnuð og sett upp af leikmyndahönnuðinum Snorra Frey Hilmarssyni. Á henni gaf að líta endurprentanir af ljósmyndum, bæði úr héraði en líka frá Ljósmyndasafni Akraness, og eiginlega muni úr safneign Bygðasafns Borgarfjarðar. Sýningin var aðgengileg og skemmtileg. Eftir þessi ár voru samt flestir munanna á sýningunni orðnir skemmdir. Skemmdirnar stöfuðu af ryki en ekki sist af efninu sem notað var í uppsetninguna. Til dæmis hafði óvartíð timbur og kross-

viður sýrt og skemmt muni úr bómull. Það má sjá betur á meðfylgjandi myndum. Pappírmunir brugðust við á svipaðan hátt og textillinn. Þetta verkefni og úmsýsla er þó líklega efni í enn aðra greinina.

Í þessari grein vil ég hinsvegar fjalla í stuttu máli um safnkost Pakkhússins í Ólafsvík, einu elsta húsi Ólafsvíkur en þangað hef ég komið reglulega síðan árið 2023 og unnið fyrir Hollvinasamtökin. Hollvinasamtök Pakkhússins starfar í sjálfböðavinnu, með varðveislu og miðlun á sögu Pakkhússins og sögu Ólafsvíkur fyrir brjósti. Í Pakkhúsinu hefur safnkostur verið til sýnis á tveimur hæðum í formi uppstillinga; sumt um og í yfir 30 ár.

Framhald greinarinnar mun birtast í næsta Jökli en þar verður m.a. farið yfir úttekt Guðlaugar á sýningarrými Pakkhússins í Ólafsvík.

*Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir,
safnafræðingur
Hollvinasamtök Pakkhússins
í Ólafsvík*

Félagsstarf í félagsheimilinu Klifi

Félagsstarf á vegum Snæfellsbæjar fyrir eldri borgara og öryrkja í Snæfellsbæ hefst **miðvikudaginn 3. september kl. 13 - 17 í félagsheimilinu Klifi.**

Ekki þarf að vera í Félagi eldri borgara til að mæta.

Rútan gengur frá Hellissandi eins og áður.

ALLIR VELKOMNIR

Endilega komið og höfum gaman saman.

Með kveðju,

Guðrún Þórðardóttir og Anna Björk Guðjónsdóttir

Komdu með eignina í sölu til mín og fáðu

Vildarkort Lindar

sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum

BOGI MOLBY PÉTURSSON
Löggitur fasteignasali
S: 699 3444
molby@fastilind.is

LIND
FASTEIGNASALA
Bæjarlind 4 | Sími 510 7900
fastilind.is | njarlabudir.is

Startup Landið

Ert þú með góða viðskiptahugmynd?

Frumkvöðlar framtíðarinnar búa á landsbyggðinni. Við hjálpum þeim að vaxa – úr sjávarþorpi, sveitabæ, eða litlu gróðurhúsi – í fyrirtæki framtíðarinnar.

Startup Landið er nýsköpunarhraðall landshlutasamtakanna þar sem þátttakendur fá stuðning og leiðsögn til að þróa hugmyndir sínar áfram.

—— **Opið fyrir umsóknir til 31. ágúst**
startuplandi.is

